

**Aukaaðalfundur Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,
haldinn 18. nóvember kl. 13.00 í Ráðhúsinu á Dalvík**

Formaður stjórnar AFE Katrín Sigurjónsdóttir setti fundinn. Hún gerði tillögu um Ásgeir Örn Blöndal sem fundarstjóra og Baldvin Valdemarsson sem fundarritara. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins. Ekki voru gerðar athugasemdir við boðun hans. Mættir voru fulltrúar allra aðildarsveitarfélaga AFE.

Fundarstjóri úrskurðaði fundinn lögmætan aukaaðalfund.

Gengið var til dagskrár:

1. Tillaga stjórnar um flutning á starfsemi félagsins yfir í nýtt félag.

Til fundarins var boðað í kjölfar aðalfundar Eyþings haldinn á Dalvík 15. nóvember s.l. þar sem samþykktar voru tillögur um að sameina rekstur AFE, AP og Eyþings í nýtt félag.

Eftirfarandi kom fram um aðdraganda málsins.

Á aðalfundi Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar sem haldinn var á Grenivík 21. júní 2018 var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

Aðalfundur AFE telur nauðsynlegt að breyta hvernig sveitarfélög standa að sameiginlegri hagsmunagæslu, framsækni, atvinnuþróun og samstarfi á sínum vettvangi.

Auk starfsfólks atvinnuþróunarfélaganna í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, ásamt starfsfólki Eyþings, samtaka sveitarfélaga í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu, koma kjörnir fulltrúar aðildarsveitarfélaga að verkefnum á þessum vettvangi, beint eða óbeint, með stjórnarsetu, þátttöku í fundum og beinni aðild að vinnu einstakra verkefna. Mannauð, krafti og opinberu fé er ráðstafað í þessi verkefni.

Skylda sveitarstjórnarfólks er því að hámarka skilvirkni og tryggja að afrakstur af þessari starfsemi verði árangursríkur, samfelldur og heildstæður. Núverandi fyrirkomulag felur í sér skörun milli stofnana og verkefna sem dregur úr möguleikum á besta mögulega árangri af starfseminni.

Aðalfundur AFE ályktar og felur stjórn að leita eftir því við Eyþing og aðildarsveitarfélögin, að Eyþing og AFE taki upp viðræður um samrekstur til að annast þau verkefni og skuldbindingar sem þessir aðilar hafa.

KS. AM



ATVINNUPRÓUNARFÉLAG
EYJAFJARÐAR

Katrín fór yfir starf stýrihóps sem skipaður var til að vinna tillögur til sveitarstjórnanna um hvernig mætti sameina þessi félög. Afrakstur þeirrar vinnu var síðan kynntur á aðalfundi Eypings haldinn á Dalvík 15. nóvember 2019.

Þar var tillaga samþykkt um að sameina rekstur atvinnuþróunarfélaganna og Eypings í eitt félag með fyrirvara um samþykki aðalfundar AP og aukaaðalfundar AFE. Jafnframt var samþykkt að efna til samkeppni um nýtt nafn samtakanna. Markmið og hlutverk sameinaðs félags skv. 2. gr. samþykta þess er eftirfarandi:

Markmið með starfsemi (samtakanna) er að efla Norðurland eystra sem eftirsótt til búsetu og atvinnu. Stofnun (samtakanna) byggir á:

- a) faglegum ávinningi,*
- b) auknum slagkrafti,*
- c) skilvirkari vinnu og*
- d) auknum sóknarfærum til að auka fagþekkingu innan stoðstofnana á starfssvæði (samtakanna)*

(nafn) skal vera sterkur bakhjarl aðildarsveitarfélaga í sameiginlegum málum þeirra og stuðla að góðu mannlífi, lifandi menningarlífi og öflugri atvinnustarfsemi á starfssvæðinu.

Hlutverk (samtakanna) er að þjónusta sveitarstjórnir og atvinnulíf á starfssvæði

landshlutasamtakanna til að ná framangreindum markmiðum – með eftirfarandi hætti:

- a) Innleiða og fylgja eftir sóknaráætlun og byggðáætlun, þ.á.m. með úthlutun fjármuna og styrkja til einstakra verkefna*
- b) Gæta hagsmuna aðildarsveitarfélaganna utan starfssvæðisins*
- c) Vinna að málum sem eru aðildarsveitarfélögunum sameiginleg innan starfssvæðisins*
- d) Stuðla að öflugri atvinnusvæði til framtíðar með stuðningi við nýsköpun og atvinnuþróun, mótun svæðisskipulags og hagsmunagæslu þar að lútandi*
- e) Annast greiningar, þekkingaröflun og þekkingarmiðlun sem nýtast hlutverki (samtakanna)*

Stjórn AFE leggur því fram eftirfarandi bókun:

Í samræmi við ályktun aðalfundar félagsins frá 2018 og samþykktar aðalfundar Eypings frá 15. nóvember s.l. samþykkir fundurinn að færa alla starfsemi og verkefni Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar bs., eins og þeim er lýst í 3. gr. samþykta félagsins, til samtaka atvinnuþróunar og sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. kt. 561192-2199.

Fundurinn samþykkir að sameinaður rekstur taki til starfa þann 1. janúar 2020. Allt lausafé AFE, þ.e. allur skrifstofubúnaður og tækjakostur, þ.m.t. tölvubúnaður, þó ekki peningalegar eignir, flytjist yfir til hinna nýju samtaka á þeim tíma án

*KS.
2019*



ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG
EYJAFJARÐAR

endurgjalds. 16,67% eignahlutur í Dysnesi þróunarfélagi ehf að nafnvirði kr. 2.000.000,-, 50% eignahlutur í GáF ehf að nafnvirði 5.650.000,- og 1% eignarhlutur í Þekkingarverði ehf að nafnvirði kr. 50.000,-, flytjist einnig til hinna nýju samtaka á sama tíma, einnig án endurgjalds.

Samþykkt samhljóða

2. Umræða um næstu skref varðandi Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs.

Lagðar voru fram eftirfarandi bókanir:

Stjórn AFE er falið að annast allan nauðsynlegan undirbúning vegna þessa og gera þær ráðstafanir og samninga til að markmiðum, samþykka síðasta aðalfundar Eyþings og ofangreindrar samþykktar aukaaðalfunda AFE, varðandi sameininguna verði náð.

Samþykkt samhljóða

Þá er stjórn AFE einnig falið, þegar ársreikningur félagsins 2019 liggur fyrir, að undirbúa slit þess skv. 10. gr. 2. mgr. samþykta AFE, en þar kemur fram að það skuli gert á grundvelli 95. gr., 4. og 5. mgr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Samþykkt samhljóða

Fleira ekki fært til bókar,

Stjórnarformaður þakkaði fulltrúum sveitarfélaganna og lýsti ánægju með þá einurð og framsýni sem hefur ríkt í hópi sveitarstjórnarfólks í Eyjafirði um þessi sameiningarmál.

Fundi slitið kl 13:45.

Helga Helgadóttir
Helga Helgadóttir
Dalryg

Askur Guðlett
Þórunn Þorvaldsson
Ólafur
M. M. M. M.

Þórunn Þorvaldsson
Þórunn Þorvaldsson fundarritari

